Öryggisblað (SDS)

Samkvæmt reglugerð Nr. 888/2015 (EB reglugerð 1907/2006 REACH)

1. Auðkenning efnisins eða blöndunnar og félagsins eða fyrirtækisins

1.1 Vörukenni: **Vandex**

Vörunúmer: **500-9710012**

1.2 Viðeigandi og tilgreind notkun efnis eða blöndu og notkun sem ráðið er frá:

Viðeigandi notkun Málningarhreinsir.

Notkun sem ráðið er frá Engar upplýsingar fyrirliggjandi.

1.3 Söluaðili:

KEMI ehf.
Tunguhálsi 10
110 Reykjavík
Sími: 4154000
Netfang: kemi@kemi.is
Veffang: www.kemi.is

Framleiðandi:

Mega-Lab Manufacturing Co.Ltd.
361 Connie Crescent, Concord
LK4 5R2 Ontario, Kanada
00-1-905-532-9000
sales@mega-lab.com
www.mega-lab.com

1.4 Neyðarsímanúmer: Eitrunarmiðstöð LSH veitir upplýsingar allan sólarhringinn um viðbrögð við slysum með hættuleg efni. Sími 543 2222. Neyðarlínan, lögregla, slökkvilið, sjúkraflutningar; sími 112.

2. Hættugreining

2.1 Flokkun efnisins eða blöndunnar:

Flokkun skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):

H222	Úðabrúsi með afar eldfimum efnum	Eldf.úðaefni 1
H229	Þrýstihylki: Getur sprungið við upphitun	Úðabr. 1
H304	Getur verið banvænt við inntöku ef það kemst í öndunarveg	Eit.ásvelg.1
H315	Veldur húðertingu	Húðert.2
H319	Getur valdið alvarlegri augnertingu	Augnert.2
H336	Getur valdið sljóleika eða svima	SEM-VES 3

2.2 Merkingaratriði:

Merking skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):

Hættumerki



Viðvörunarorð **HÆTTA**

Hættusetningar

H222	Úðabrúsi með afar eldfimum efnum
H229	Þrýstihylki: Getur sprungið við upphitun
H304	Getur verið banvænt við inntöku ef það kemst í öndunarveg
H315	Veldur húðertingu
H319	Getur valdið alvarlegri augnertingu
H336	Getur valdið sljóleika eða svima

Varnaðarsetningar

P102	Geymist þar sem börn ná ekki til
P201	Aflið sérstakra leiðbeininga fyrir notkun.
P210	Haldið frá hitagjöfum, neistagjöfum, opnum eldi og heitum flötum. - Reykingar bannaðar
P260	Andið ekki að ykkur úða/gufu/ýringi.
P280	Notið hlífðarhanska og andlitshlífar.
P301+P310+P331	EFTIR INNTÖKU: Hringið umsvifalaust í EITRUNARMIÐSTÖÐ/lækni. Ekki framkalla uppköst.
P308+P311	EF um váhrif eða hugsanleg váhrif er að ræða: Hringið í EITRUNARMIÐSTÖÐ/lækni.

Inniheldur: Tólúen,ísóbútan.

Sprengihætta við upphitun.
Getur myndað sprengifimar blöndur með lofti, sé loftræsting ófullnægjandi.

2.3 Aðrar hættur: Varan inniheldur engin efni sem flokkast sem PBT eða vPvB.
Sjá einnig 11. og 15. lið. (**PBT**: Þrávirkt, safnast upp í lífverum, eitrað. **vPvB**: Afar þrávirkt, safnast mjög fyrir í lífverum).

3. Samsetning innihaldsefna / upplýsingar um innihaldsefni

3.1 Efni: Á ekki við

3.2 Blöndur:

Tólúen			
Skráningarnúmer ECHA	-	**Innihald %**	**30 - 60**
Raðnúmer	601-021-00-3	**Varnaðarmerki:**	F, Xi, Xn
EINECS, ELINECS	203-625-9	**H-setningar**	H11, H38, H66, H48/20, H63, H65, H67
CAS	108-88-3	**Flokkun, hættumerking**	Mjög eldfimt, Ertandi, Hættulegt heilsu
Hættuflokkun/Hættusetningar			
Eldf.vökvi 2 - **H225**, Eit.v.ásvelg. 1 - **H304**, Húðert. 2 - **H315**, SEM-VES 3 - **H336**, SEM-EV 2 - **H373**, Eit.á æxl. 2 - **H361**			

Díaseton alkóhól			
Skráningarnúmer ECHA	-	**Innihald %**	**5 - 10**
Raðnúmer	603-016-00-1	**Varnaðarmerki:**	Xi
EINECS, ELINECS	204-626-7	**H-setningar**	H36
CAS	123-42-2	**Flokkun, hættumerking**	Ertandi
Hættuflokkun/Hættusetningar			
Augnert.2 - **H319**			

Xýlen			
Skráningarnúmer ECHA	01-2119488216-32	**Innihald %**	**5 - 10**
Raðnúmer	601-022-00-9	**Varnaðarmerki:**	Xi, Xn
EINECS, ELINECS	215-535-7	**H-setningar**	H10, H20/21, H38
CAS	1330-20-7	**Flokkun, hættumerking**	Hættulegt heilsu, Ertandi
Hættuflokkun/Hættusetningar (CLP)			
Eldf.vökvi 3 - **H226**, Bráð eit. 4 - **H312**, Bráð eit. 4 - **H332**, Húðert. 2 - **H315**			

Etýlbensen			
Skráningarnúmer ECHA	01-2119489370-35	**Innihald %**	**1 - 5**
Raðnúmer	601-023-00-4	**Varnaðarmerki:**	F, Xn
EINECS, ELINECS	202-849-4	**H-setningar**	H11, H20, H48/20, H65, H66, H67
CAS	100-41-4	**Flokkun, hættumerking**	Mjög eldfimt, Hættulegt heilsu
Hættuflokkun/Hættusetningar (CLP)			
Eldf.vökvi 2 - **H225**, Eit.v.ásvelg.1 - **H304**, Bráð eit. 4 - **H332**, SEM-EV 2- **H373** (heyrn)			

Ísóprópanól			
Skráningarnúmer ECHA		**Innihald %**	**1 - 5**
Raðnúmer	603-117-00-0	**Varnaðarmerki:**	F, Xi
EINECS, ELINECS	200-661-7	**H-setningar**	H11, H36, H67
CAS	67-63-0	**Flokkun, hættumerking**	Mjög eldfimt, Ertandi
Hættuflokkun/Hættusetningar (CLP)			
Eldf.vökvi 2 - **H225**, Augnert. 2 - **H319**, SEM-VES 3 - **H336**			

Ísóbútan			
Skráningarnúmer ECHA	01-2119485395-27	**Innihald %**	**10 - 30**
Raðnúmer	601-004-00-0	**Varnaðarmerki:**	F+
EINECS, ELINECS	200-857-2	**H-setningar**	H12
CAS	75-28-5	**Flokkun, hættumerking**	Afar eldfimt
Hættuflokkun/Hættusetningar			
Eldf. loftt. - **H220**, Loftt.u.þrýst. - **H280**			

Própan			
Skráningarnúmer ECHA	01-2119486944-21-xxxx	**Innihald %**	**1 - 5**
Raðnúmer	601-003-00-5	**Varnaðarmerki:**	F+
EINECS, ELINECS	200-827-9	**H-setningar**	H12
CAS	74-98-6	**Flokkun, hættumerking**	Afar eldfimt
Hættuflokkun/Hættusetningar (CLP)			
Eldf. loftt. - **H220**, Loftt.u.þrýst. - **H280**			

Sjá texta H-setninga í 16. lið. Sjá flokkun efnisins í 2. lið. Takmörkunarfæribreytur í 8. lið.

4. Ráðstafanir í skyndihjálp

4.1 Lýsing á ráðstöfunum í skyndihjálp:

Almenn viðbrögð: Flytjið hinn slasaða af hinu mengaða svæði.

Innöndun Tryggið ferskt loft. Haldið hinum slasaða rólegum og heitum og fylgist með líðan.

Snerting við húð Hreinsið húð vandlega með sápu og miklu vatni. Fjarlægið mengaðan fatnað og skó og hreinsið vandlega áður en notkun hefst að nýju. Leitið læknis hverfi óþægindi ekki fljótlega.

Snerting við augu Skolið varlega með miklu vatni í 15 mín og haldið augum vel opnum. Fjarlægið augnlinsur fyrir skolun. Leitið læknis ef nauðsyn krefur, sýnið öryggisblaðið.

Inntaka Skolið munn strax og drekkið mikið vatn. Hringið eftir sjúkrabíl. Sýnið öryggisblaðið. Framkallið ekki uppköst. Kasti hinn slasaði upp, haldið höfði lágt þannig að efnið berist ekki í lungu. Reynið aldrei að koma nokkru ofan í meðvitundarlaust fólk.

Til hjálparliða: Notið persónuhlífar.

4.2 Helstu skaðleg einkenni og áhrif, bæði bráð og tafin:

Innöndun Innöndun leysiefna getur valdið ertingu. Drifefni geta valdið köfnunaráhrifum.

Inntaka Getur valdið ógleði, uppköstum, svima og höfuðverk.

Snerting við húð Getur valdið ertingu. Affitar húð við langvinna snertingu.

Snerting við augu Getur valdið ertingu.

4.3 Upplýsingar um tafarlausa læknisumönnun og sérstaka meðferð sem þörf er á:

Leitið strax læknis eða bráðamóttöku við inntöku eða meðvitundarleysi.
Sýnið öryggisblaðið.

5. Ráðstafanir vegna slökkviaðgerða

5.1 Slökkvibúnaður:

Hentugur slökkvibúnaður: Koldíoxíð, slökkviduft, froða, vatnsúði. Kælið umbúðir með vatnsúða.
Veljið slökkviefni eftir aðstæðum á brunastað og nærveru annarra efnavara.

Óhentugur slökkvibúnaður: -

5.2 Sérstakar hættur af völdum efnisins eða blöndunnar:

Varan er mjög eldfim.
Við bruna geta myndast ertandi og hættulegar gufur. Myndar kolefnisoxíð og reyk við bruna.

5.3 Ráðgjöf fyrir slökkviliðsmenn:

Rýmið brunasvæði. Sjá lið 8 um persónuhlífar. Forðist innöndun reyks og gufu.
Notið sjálfstæðan öndunarbúnað og fullan hlífðarfatnað. Hreinsið upp efni frá slökkvistarfi og mengað vatn skv. 6. lið og fargið skv. 13. lið.

6. Ráðstafanir ef efni fer óvart til spillis eða er losað fyrir slysni

6.1 Öryggisráðstafanir fyrir fólk, hlífðarbúnaður og neyðarráðstafanir:

Tryggið góða loftræstingu. Forðist innöndun og snertingu við húð og augu. Rýmið mengað svæði.
Notið hlífðarhanska, hlífðargleraugu og efnaheldan fatnað. Sjá liði 5 og 8.
Fjarlægið alla eld- og neistagjafa. Notið öndunarbúnað, sé loftræsting ófullnægjandi.

6.2 Varúðarráðstafanir vegna umhverfisins:

Stöðvið leka sé það unnt án áhættu. Forðist losun í niðurföll, jarðveg og vatnsumhverfi.
Tilkynnið Umhverfisstofnun um mengunarslys.

6.3 Aðferðir og efni til afmörkunar og hreinsunar:

Gerið varnargarða og notið ísogsefni svo sem sand, sag og jarðveg. Setjið í þar til gerð ílát og fargið sbr. 13.lið. Tryggið góða loftræstingu. Notið neistavarin áhöld.

6.4 Tilvísun í aðra liði: Sjá liði 8. og 13.

7. Meðhöndlun og geymsla

7.1 Varúðarráðstafanir um örugga meðhöndlun:

Tryggið góða loftræstingu. Forðist innöndun og snertingu við húð og augu. Reykið ekki.
Úðið ekki á opinn eld eða heita fleti, né í lokuðum rýmum.
Geymið fjarri háu hitastigi og eld- og neistagjöfum. Tæmdar umbúðir geta innihaldið efnaleifar.
Við notkun ætti að halda myndun gufu, úða, ryks og reyks í lágmarki.

Gætið hreinlætis við meðferð efnavara. Hreinsið hendur í vinnuhléum og þegar vinnu er lokið.
Geymið vöruna fjarri matvælum og dýrafóðri. Farið úr menguðum fatnaði og hlífðarbúnaði áður en komið er á svæði þar sem matar er neytt. Hreinsið vandlega áður en notkun hefst að nýju.
Notið viðeigandi persónuhlífar, hanska/klæðnað, augn- og andlitshlífar.

7.2 Örugg geymsluskilyrði, þ.m.t. vegna mögulegs ósamrýmanleika:

Geymið í vel luktum upprunalegum umbúðum á köldum, þurrum, vel loftræstum stað.
Geymið fjarri háu hitastigi (>50°C), eld- og neistagjöfum. Varan er mjög eldfim.

7.3 Sértæk, endanleg notkun:

Sjá lið 1.2

8. Váhrifavarnir / persónuhlífar

8.1 Takmörkunarfæribreytur:

Efni:	8 klst ppm	8 klst mg/m3	Þakgildi 15mín ppm	Þakgildi 15mín mg/m3	Annað
Tólúen	500	191	100	384	WEL
Xýlen	50	221	100	442	WEL
Etýlbensen	100	441	200	884	WEL
Ísóprópanól	400	999	500	1250	WEL
Ísóbútan	1000				WEL
Própan	1000				WEL

WEL = Work Exposure Limit - Langtímamörk váhrifa (8 klst/dag).

8.2 Váhrifavarnir:

Tæknileg atriði

Notið einungis á stöðum með fullnægjandi loftræstingu. Notið lokuð kerfi, punktsog eða aðrar aðferðir til að halda styrk efnisins sem lægstum. Sé þetta ekki nægilegt til að halda styrk undir viðmiðunarmörkum, ætti að nota öndunarbúnað. Það á aðeins við séu viðmiðunarmörk gefin upp í þessum lið. Hafið tiltækan búnað til hreinsunar við losun af slysni.

Hreinsið húð vandlega (andlit, hendur, handarkrika) eftir meðhöndlun efnavara, áður en nokkurs er neytt, farið er á salerni, og þegar vinnu er hætt. Gætið varúðar þegar farið er úr menguðum fatnaði. Hreinsið mengaðan fatnað vandlega áður en hann er tekinn aftur í notkun. Sjáið til þess að augnskol og sturtur séu nærri vinnusvæði. Haldið vörunni fjarri matvörum.

Persónuhlífar

Augnhlífar Notið hlífðargleraugu af viðurkenndri gerð (EN 166) með hliðarvörn.

Húð - hendur Notið viðeigandi, efnaþolna hlífðarhanska, t.d. úr bútýl- eða nítrílgúmmíi.
Notið hanska ekki lengur en 50% af uppgefnum gegnstreymistíma. Notið verndarkrem á hendur.
Athugið leiðbeiningar framleiðanda og gegnstreymistíma hanska. Skiptið oft um hanska.

Húð - annað Mælt er með notkun langerma vinnufatnaðar.

Öndunarfæri Sé loftræsting ófullnægjandi, eða fari styrkur yfir viðmiðunarmörk, notið viðurkennda öndunargrímu (heil- eða hálfgrímu) með viðeigandi síu (NIOSH/MSHATC 23C).

9. Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar

9.1 Upplýsingar um eðlis- og efnafræðilega grunneiginleika:

Eðlisástand:	Vökvi (úðabrúsi)	
Lykt:	Vetniskolefnalykt	
Litur:	Hvítleitur	
Blossamark:	4°C	(heptan)
Sjálftendrunarmark:	399-527°C	
Suðumark:	83-143°C	(heptan)
Lægri kveikimörk (í lofti):	1,10%	
Hærri kveikimörk (í lofti):	12,60%	
Uppgufunarhraði:	>1	(bútýl asetat=1)
Gufuþrýstingur (20°C):	30-45 psig	
Eðlismassi gufu (loft=1):	>1	
Eðlismassi:	0,89-0,93 kg/l	

9.2 Aðrar upplýsingar:

Rokgjörn efni: >95%

10. Stöðugleiki og hvarfgirni

10.1 Hvarfgirni:

Upplýsingar liggja ekki fyrir.

10.2 Efnafræðilegur stöðugleiki:

Stöðugt við venjulegar notkunaraðstæður.

10.3 Möguleiki á hættulegu efnahvarfi:

Myndar kolmónoxíð og koldíoxíð við bruna. Ekki hætta á fjölliðun.

10.4 Skilyrði sem ber að varast:

Engin þekkt.

10.5 Ósamrýmanleg efni:

Sterkir oxarar.

10.6 Hættuleg niðurbrotsefni:

Við bruna geta myndast eitraðar gufur, kolmónoxíð, koldíoxíð, reykur.

11. Eiturefnafræðilegar upplýsingar

11.1 Upplýsingar um eiturefnafræðileg áhrif:

Efni	LD_{50}	Dýrateg.	LC_{50}	Dýrateg.
Tólúen	5000 mg/kg	inntaka rotta	8000 mg/m3/4 klst	innöndun rotta
Díaseton alkóhól	4000 mg/kg	inntaka rotta	-	-
Xýlen	4,3 mg/kg	inntaka rotta	6350 ppm/4 klst	innöndun rotta
Etýlbensen	5460 mg/kg	inntaka rotta	-	-
Ísóprópanól	>4720 mg/kg	inntaka rotta	12000 ppm/8 klst	innöndun rotta
Própan	>5000 mg/kg	-	-	-
Ísóbútan	-	-	142500 ppm/4 klst	innöndun rotta

Innöndun	Innöndun leysiefna getur valdið ertingu. Drifefni geta valdið köfnunaráhrifum.
Inntaka	Getur valdið ógleði, uppköstum, svima og höfuðverk.
Snerting við húð	Getur valdið ertingu. Affitar húð við langvinna snertingu.
Snerting við augu	Getur valdið ertingu.
Eiturhrif á æxlunarfæri	Tilraunir hafa sýnt að mikil áverkun tólúens (>1500 ppm) á dýrafóstur hefur skaðleg áhrif. Ekki er vitað um eiturhrif á fólk.
Krabbamein	Etýlbensen er skráð sem hugsanlegur krabbameinsvaldur hjá fólki af IARC.
Stökkbreytingar	Engin áhrif þekkt.

12. Vistfræðilegar upplýsingar

12.1 Eiturhrif: Upplýsingar eru ekki fyrirliggjandi.

13. Förgun

13.1 Aðferðir við meðhöndlun úrgangs:

Vara Farga skal efninu samkvæmt gildandi lögum og reglum. Úrgang af efninu skal merkja vel og koma í spilliefnamóttöku. Tæmið umbúðir vandlega. Hellið ekki í niðurföll.

Óhreinar umbúðir Óhreinar umbúðir skal meðhöndla eins og vöruna sjálfa.

14. Upplýsingar um flutninga

ADR:

UN Númer	1950
Efnisheiti v. flutninga:	AEROSOLS
Hættuflokkur:	2.1
Pökkunarflokkur:	-
Hættuundirflokkur:	5F
Jarðgangaflokkun:	D
Mengunarhætta:	Nei

Varúðarmerking



IMDG:

UN Númer	1950
Efnisheiti v. flutninga:	AEROSOLS
Hættuflokkur:	2.1
EmS:	F-D, S-U
Pökkunarflokkur:	-
Mengunarhætta:	Nei



IATA:

UN Númer	1950
Efnisheiti v. flutninga:	AEROSOLS, FLAMMABLE
Hættuflokkur:	2.1
Pökkunarflokkur:	-



15. Upplýsingar varðandi regluverk

15.1 Sértæk ákvæði/löggjöf fyrir efnið eða blönduna vegna öryggis, heilbrigðis og umhverfis:

Varan fellur undir eftirfarandi reglugerðir: 1907/2006 (REACH), 1272/2008 (CLP), Íslenskar reglugerðir 888/2015 og 415/2014 (CLP).

15.2 Efnaöryggismat:

Efnaöryggismat hefur ekki farið fram.

16. Aðrar upplýsingar

Texti allra hættusetninga sem vikið er að á þessu öryggisblaði

H220	Afar eldfim lofttegund
H225	Mjög eldfimur vökvi og gufa
H226	Eldfimur vökvi og gufa
H304	Getur verið banvænt við inntöku ef það kemst í öndunarveg
H312	Hættulegt í snertingu við húð
H315	Veldur húðertingu
H319	Veldur alvarlegri augnertingu
H332	Hættulegt við innöndun
H336	Getur valdið sljóleika eða svima
H361	Grunað um að hafa skaðleg áhrif á frjósemi eða börn í móðurkviði
H373	Getur skaðað líffæri við langvinn eða endurtekin váhrif

Útgáfa/Dags: 1 / 21.10.2016

Öryggisblað þetta er þýtt af Gunnari Þórðarsyni efnaverkfræðingi.

Öryggisblað þetta er byggt á þeirri þekkingu sem fyrir liggur á útgáfudegi þess, um möguleg áhrif efnisins á heilsu, öryggi og umhverfi.
Það felur ekki í sér neina ábyrgð á efniseiginleikum og á einungis við um vöruna eins og hún kemur frá seljanda.
Það er alltaf á ábyrgð notanda vörunnar að nauðsynlegar öryggisráðstafanir séu gerðar og að þær séu í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.
Notkun vörunnar er á ábyrgð notanda. Atvinnurekendur bera ábyrgð á útgáfu notkunarleiðbeininga sem eiga við þeirra vinnuumhverfi.

Frumheimild:	***MEGA LAB MANUFACTURING CO LTD***
	MATERIAL SAFETY DATA SHEET
	VANDEX
Endurskoðað:	*02.01.2016*